

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneytinu. Nefndinni bárust auk þess umsagnir um frumvarpið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Má þar fyrst nefna breytingu á 5. gr. laganna á álagningarhlutföllum og lágmarks- og fastagjöldum. Er í frumvarpinu lögð til lækkun á álagningarhlutföllum fjármálafyrirtækja, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða, lánaþyrirtækja, rekstrarfélaga, verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana. Einnig er lögð til hækkun álagningarhlutfalla váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana, lífeyrissjóða og annarra eftirlitsskyldra aðila. Þá er bætt við nýjum eftirlitsskyldum aðilum, eignarhaldsfélögum.

Aðrar breytingar eru þær annars vegar að verði frumvarpið að lögum verður Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda takmarkaðan varasjóð sem samsvarar rekstrarafgangi umfram áætlun. Er ákvæðinu ætlað að tryggja Fjármálaeftirlitinu rekstrarfjármögnun vegna lausafjárvalda sem getur skapast vegna óvæntra útgjalda og þess tímamismunar sem getur orðið innan rekstrarársins á inngreiðslum og útgreiðslum. Hins vegar er lögð til málshöfðunarheimild til dómstóla vegna ákvarðana um álagningu eftirlitsgjalds. Var áður heimilt að kæra slíkar ákvarðanir til kærunefndar en sú nefnd hefur nú verið lögð niður, sbr. lög nr. 67/2006.

Starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur aukist mikið á undanförunum árum. Á árinu 2005 stækkuðu íslensk fjármálafyrirtæki enn frekar og juku jafnframt hlutdeild starfsemi sinnar erlendis. Nefndin fagnar þessari þróun en telur jafnframt að í viðskiptalífínu verði að vera skýrar reglur svo að þeir sem starfa á því sviði viti hvað er leyfilegt og hvað ekki. Til þess þurfa að vera til staðar öflugar eftirlitsstofnanir, eins og Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið. Úrskurðir þessara stofnana þurfa jafnframt að ganga hratt fyrir sig og vera skýrir. Slíkar stofnanir þurfa að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki og öflugum upplýsingakerfum og verða að geta brugðist hratt við þegar upp koma mikilvæg mál eða breyttar aðstæður. Nefndin telur að til þess að Fjármálaeftirlitið geti staðist þessar kröfur verði það að hafa nægar tekjur. Nefndin bendir auk þess á að tekjur eftirlitsins byggjast á afkomu ársins 2005 en útgjöldin á umfangi ársins 2007. Þegar svo miklar og hraðar breytingar eiga sér stað eins og núna sé hætt á að eftirlitið geti ekki fylgt nýrri þróun sem skyldi. Enn fremur byggist traust fyrirtækjanna innan lands sem erlendis á því eftirliti sem til staðar sé. Þess vegna er það hagar fyrirtækja í miklum vexti að eftirlitið sé virkt. Það kann að vera nauðsynlegt að gera þurfi breytingar á grunni álagningar til að ná til þeirra sviða sem vaxa hraðast.

Nefndin bendir á að frumvarpið byggist á upplýsingum sem fengnar eru úr rauntölum rekstrarumfangs Fjármálaeftirlitsins fyrstu fjóra mánuði ársins 2006 og áætluðu rekstrar-

umfangi ársins 2007. Þegar áætlunin var gerð lágu ekki fyrir upplýsingar um það viðbótarálag sem mundi leiða af innleiðingu svokallaðra Basel II- reglna sem frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem einnig liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir. Því leggur nefndin til að eftirlitsgjald viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja verði hækkað úr 0,00667% í 0,00712%. Sú breyting hækkar eftirlitsgjald þessara aðila samtals úr 307 millj. kr. í 327 millj. kr. Þar sem innleiðingin hefur einkum áhrif á starfsemi lánastofnana þykir ekki rétt að hreyfa við álagningarstofnum annarra eftirlitsskyldra aðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

#### BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað hlutfallstölunnar „0,00667%“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: 0,00712%.

Alþingi, 30. nóv. 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Sæunn Stefánsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Birkir J. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Drífa Hjartardóttir.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Kolbrún Baldursdóttir.	Ögmundur Jónasson.